

# Bráðabirgðalög

Nr. 1.  
5. jan.

um

viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Þar eð upp hefir verið borið fyrir Oss, að í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, vanti heimild til að skipa fyrir um það, hvernig skipakostur sá, sem til umráða er í landinu, skuli notaður, svo og um ýmisleg atriði viðvikjand flutningi og farþegum með skipunum, en að óhjákvæmilegt hafi nú reynst, til þess að ná nauðsynjum til landsins og koma vörum frá því, að landsstjórnin fái heimild til að skipa fyrir um þetta, þá teljum Vjer brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 4. tölulið 2. gr. nefndra laga 1. febrúar 1917, komi nýr töluliður svo hljóðandi:

5. Enn fremur að ráða að meira eða minna leyti yfir skipum þeim, sem heima eiga í landinu, svo sem að gera ákvarðanir um ferðir þeirra, flutning og farþega með þeim, eða taka þau að öllu í sína þjónustu um lengri eða skemri tíma.

2. gr.

Aftan við 5. gr. sömu laga bætist þessi ákvæði: Landsstjórnin getur gjört fyrirskipanir um þau atriði, er þurfa þykir, viðvikjandi skipverjum, farþegum og póstflutningi með skipum, og ákveður refsingar fyrir brot gegn þeim fyrirskipunum.

Nr. 1.  
5. jan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 5. janúar 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Sigurður Jónsson*

Nr. 2.  
16. apríl

## Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Bandaríkja Norður-Ameríku.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Låenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðju-iðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verslun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Bandaríkjum Norður-Ameríku eins og eigin þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Bandaríkjum Norður-Ameríku reka verksmiðju-iðnað eða hand-iðnað, jarðrækt, málmnam, verslun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

1. Tilkyunningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.